

Fundargerð 771. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, föstudaginn 29. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Smári Geirsson, Sigurður Valur Ásbjarnarson í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur og Þorvaldur Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 770. fundar - 0812686SA

Lögð fram fundargerð 770. fundar stjórnar sambandsins frá 11. desember 2009.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lögð fram fundargerð Jónsmessunefndar frá 21. desember 2009.

Formaður gerði jafnframt grein fyrir fundi í Jónsmessunefnd, sem haldinn var að morgni 29. janúar. Þar var m.a. rætt um hugmyndir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um breytingar á fjármálakatla sveitarstjórnarlaga sem hann hyggst leggja fram á yfirstandandi þingi.

3. Fjárlög 2010 - 0910005SA

Lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, dags. 13. janúar 2010, þar sem gerð er grein fyrir helstu atriðum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2010 og varða sveitarfélögin á beinan eða óbeinan hátt.

4. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga - 0901037SA

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs gerði grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2010.

5. Tekjustofnanefnd 2009 - 0905170SA

Lögð fram áfangaskýrsla tekjustofnanefndar, „Sérstakar ráðstafanir gagnvart sveitarfélögunum árið 2010“, dags. 21. desember 2009.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs greindi frá því að þegar væri hafin vinna við að setja saman lista yfir þau viðfangsefni sem sveitarfélögin telja að eðlilegt sé að verði undanþegin virðisaukaskatti í starfsemi þeirra, sbr. 10. tölulíð í áfangaskýrslu tekjustofnanefndar um endurgreiðslur virðisaukaskatts.

Þá var rætt um að brýnt væri að fulltrúar sambandsins í tekjustofnanefnd og

sérfræðingar sambandsins fundi hið fyrsta um tillögur tekjustofnanefndar í áfangaskýrslu hennar og starf nefndarinnar á næstunni.

6. Fjárhagserfiðleikar Sveitarfélagsins Álftaness - 0912046SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 18. desember 2009, um íbúafund á Álftanesi þann 17. desember 2009.

Framkvæmdastjóra og sviðsstjórum hag- og upplýsingasviðs og lögfræði- og velferðarsviðs falið að fylgjast með framvindu aðgerða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í málefnum Sveitarfélagsins Álftaness.

Porleifur Gunnlaugsson vék af fundi kl. 13:55.

7. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga - 0611368SA

Lögð fram fundargerð 37. fundar verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála frá 14. janúar 2010. Einnig lagðar fram tillögur fulltrúa sveitarfélaga í samráðshópi um starfsmannamál, sem starfar undir verkefnisstjórn um framkvæmd og tilfærslu verkefna á sviði málefna fatlaðra, sem lagðar voru fram á fundi samráðshópsins þann 26. janúar 2010.

Sviðsstjóri kjarasviðs gerði nánari grein fyrir tillögunum og viðbrögðum stéttarfélaganna við þeim.

Þá var greint frá fyrirhuguðum vinnufundi á vegum sambandsins um stöðu verkefnisins með sérstakri áherslu á skyldur sveitarfélaga við undirbúning yfirfærslunnar. Til fundarins verða boðaðir kjörnir fulltrúar sveitarfélaga, fulltrúar landshlutasamtaka og þeir starfsmenn sveitarfélaga sem eru að vinna að undirbúningi yfirfærslunnar. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 24. febrúar nk. á Grand hóteli.

8. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 50. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 5. janúar 2010 ásamt fylgiskjali vegna tölulíðar 1, dags. 11. janúar 2010.

9. Fundargerð Launanefndar sveitarfélaga - 0409021SA

Lögð fram 238. fundargerð launanefndar frá 19. janúar 2010.

10. Kostnaður við skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri - 1001018SA

Lagt fram bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 18. janúar 2010, þar sem óskað er eftir tillögu sambandsins um það hvernig það telji að skiptingu kostnaðar við skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri verði best fyrir komið í lögum. Erindinu fylgja ályktanir nokkurra sveitarfélaga sem leggja gegn því að allur kostnaður af skólagöngu þessara barna leggist á viðtökusveitarfélag. Lagt var fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. janúar 2010, um málið.

Erindinu var vísað til skólamálanefndar til frekari umfjöllunar og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í framhaldi af fundi hennar.

11. Framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðva ferðamála - 0912025SA

Lagðar fram tillögur starfshóps um framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðva dags. 26. nóvember 2009.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við tillögur um framtíðarfyrirkomulag

upplýsingamiðstöðva en gerir ráð fyrir því að landshlutasamtök sveitarfélaga lýsi afstöðu sinni til einstakra tillagna nefndarinnar.

12. Ársreikningur sambandsins 2009 - 0912030SA

Lagður fram ársreikningar sambandsins fyrir árið 2009. Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerði nánari grein fyrir ársreikningnum og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

Samþykkt var að vísa ársreikningnum til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum þess og til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

13. Starfsáætlun 2010 - 0911049SA

Lögð fram starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2010, ásamt mati á árangri ársins 2009.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina.

14. Fjárhagsáætlun 2010 - 1001023SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2010 ásamt greinargerð frá sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 27. janúar 2010, sem hann gerði nánari grein fyrir.

Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2010 samþykkt samhljóða.

15. Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð í íslenskri löggjöf - tilskipun 2004/35/EB - 0703072SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 18. desember 2009, um drög að frumvarpi til laga um umhverfisábyrgð.

16. Fasteignamat sem grundvöllur fráveitugjalds, sbr. lög nr. 9/2009 - 0901006SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 30. desember 2009, til sveitarfélaga um fasteignamat sem grundvöll fráveitugjalds, sbr. lög nr. 9/2009.

17. Þóknanir fyrir nefndarsetu - 0906008SA

Lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 29. desember 2009, vegna þóknunar til fulltrúa sambandsins í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og svarbréf sambandsins, dags. 7. janúar 2010.

18. Tilnefning í reikningsskila- og upplýsinganefnd - 1001013SA

Lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 11. janúar 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á tveimur fulltrúum til setu í reikningsskila- og upplýsinganefnd ásamt svarbréfi sambandsins, dags. 13. janúar 2010, þar sem tilnefndir voru Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, og Gísli Hlíðberg Guðmundsson, borgarþóknari í Reykjavík.

19. Tilnefning í viðræðunefnd um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla - 0808559SA

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags.

14. desember 2009, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á tveimur fulltrúum í viðræðunefnd um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla ásamt svarbréfi sambandsins, dags. 22. desember 2009, þar sem tilnefnd voru Gunnar Gíslason, fræðslustjóri í Akureyrarkaupstað, Laufey Ólafsdóttir, tónlistarfulltrúi á menntasviði Reykjavíkurborgar, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

20. Skipun í stjórn Námsleyfasjóðs - 1001022SA

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. janúar 2010, til Námsleyfasjóðs þar sem tilkynnt er að Guðfinna Harðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, taki sæti Kristins Kristjánssonar, en hann hefur að eigin ósk hætt sem fulltrúi sambandsins í sjóðsstjórninni.

21. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - fundargerðir - 0801025SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. janúar 2010, til verkefnisstjórnar á sviði úrgangsmála þar sem tilkynnt er um skipun Arons Jóhannssonar, umhverfisfulltrúa Sorpeyðingar Suðurnesja, í verkefnisstjórnina í stað Guðjóns Guðmundssonar.

22. Áætlun um innheimtu- og fjárþörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 0912056SA

Lagt fram til kynningar bréf Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 18. desember 2009, vegna áætlunar um innheimtu- og fjárþörf stofnunarinnar fyrir árið 2010.

23. Athugun á áhrifum skipulagsmála og úthlutunar lóða á samkeppni - 0908020SA

Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. desember 2009, með álit nr. 3/2009, skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni.

24. Endurskoðun jarða- og ábúðarlaga - 0910009SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. desember 2009, um endurskoðun jarða- og ábúðarlaga.

25. Frv. til nýrra laga um framhaldsfræðslu - 0912029SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. desember 2009, um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

26. Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti - 0907013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 25. janúar 2010, um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti, 277. mál.

27. Reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla. - 1001016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 21. janúar 2010, um drög að reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 26. febrúar.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Halldór Halldórsson

Þorleifur Gunnlaugsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Dagur B. Eggertsson

Lúðvík Geirsson

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Smári Geirsson

Sigurður Valur Ásbjarnarson

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari